

TILLÖGUR AÐ STARFSLÝSINGU FYRIR TÍMABUNDINN VERKEFNASTJÓRA SOS/SASS Í ÚRGANGSMÁLUM

Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óskar eftir því að ráða starfsmann í stöðu verkefnastjóra tímabundið til 1 árs sem fer með umsjá verkefna SOS skv. gildandi samþykktum SOS og daglegs reksturs þess í samvinnu við stjórn SOS, í samræmi við þjónustusamning á milli SASS og SOS. Verkefnastjórinn heyrir undir framkvæmdastjóra SASS, starfar náið með stjórn SOS og SASS með sérstakri áherslu á greiningu tækifæra til samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SOS og SASS í úrgangsmálum. Verkefnastjórinn fer m.a. með eftirfarandi verkefni:

- Greining tækifæra til samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SOS og SASS í úrgangsmálum
- Umsjón með verkefnum tengdum lokun og vöktun urðunarsvæðis
- Umsjón og hagsmunagæsla vegna eignarhluta SOS í fyrirtækjum á sviði úrgangsmála
- Undirbúningur funda, þ.m.t. fundarboðun, ritun og birting fundargerða
- Samskipti og upplýsingagjöf til aðildarsveitarfélaga
- Fulltrúastörf í svæðisráði/samráðsvettvangi um úrgangsmál
- Fræðsla, miðlun og upplýsingagjöf í úrgangsmálum á starfssvæði SOS
- Aðkoma að fjárhagsáætlunargerð
- Almenn verkefni á skrifstofu
- Önnur tilfallandi verkefni tengd úrgangsmálum á vegum SASS og SOS

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Haldbær starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær þekking og reynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á stjórnsýslu og umhverfi sveitarfélaga á Suðurlandi
- Reynsla af verkefnastjórnun og teymisvinnu
- Góð samskiptafærni
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, framsýni og metnaður
- Góð tölvukunnátta
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi **xx**. SASS leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 100%.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.